sína og þjóðerni alt og efla íslenzka menningu. Geta þeir lært mikið af sögu Suður-Jóta og barátu; er þar margt bæði til viðvörunar og eftirbreytni. Standa íslendingar að sumu leyti betur að vígi en Suður-Jótar, sem "eiga heima í næsta húsi" við Þjóðverja, þar sem íslendingar aftur á móti byggja afskekta ey. Hins vegar eiga Suður-Jótar hina Danina að bakhjalli, en íslendingar verða að standa á eigin fótum.

Suður-Jótland er ekkert annað en suðurhluti Jótlands, og tók upphaflega við þar sem jótski skaginn fer að mjókka. (Á forndönsku hét það: Sundrjútland; á miðdönsku og lágþýzku Sunderjutland, er seinna varð að Sönderjylland). Norður-takmörk Suður-Jótlands voru þangað til 1864 Kalangursfjörður í austri og því næst Konungsá eða Skotborgará; þó voru ýms innskotssvæði (enklaver), er heyrðu til konungsríkinu, fyrir sunnan þessa línu, s. t. d. allmikið svæði um bæinn Rípar. Mjög gamalt sem sérstakt landshlutaheiti er nafnið Suður-Jótland ekki, ekki fremur en "Suður-(Is)land". Í íslenzkum sögum er nafnið ekki til, þar er "Jótland" haft um alt landið suður að Egðu. Í Knýtlingasögu (31. kap.) segir: "hinn mesti hluti Danmerkur heitir Jótland, þat liggr hit syðra með hafinu; þar er hinn synzti biskupsstóll í Danmörku í Heiðabæ—", enn fremur í 12. kap.: "Aðra orustu átti Magnús konungur um haustit næsta dag fyrir Mikjálsmessu á Jótlandi, skamt norðr frá Heiðabæ á Hlýrskófsheiði", kap. 25: "Síðan fór Sveinn konungr aptr í þorpit, þar sem hann hafði áðr veizlu haft, þar heitir Suðaþorp," er það Söderup, vestur frá Opineyri á Suðurjótlandi. Í Heimskringlu er sagt, að Magnús konungur hafi dáið þar sem heitir Suðaþorp (réttara suðaþorp í öðru hdr.), og er sagt að hann hafi þá dvalist á Jótlandi (28. kap.). Knútur lávarður situr í Heiðabæ suðr á Jótlandi" (91. kap. Knytl.). Sveinn konungur Eríksson eymuna fer til Jótlands á hendur Knúti konungi, er "var þá í Heiðabæ" (108. kap. Knytl.) Sveinn konungur og Heinrekur hertogi fara "til Sumarstaða á Jótlandi" (11. kap. Knytl.), þ. e. Sommersted í norðurhluta Suður-Jótlands. Í 122. kap. Knytl. segir: "Valdimar konungr gaf Kristófóró syni sínum ríki á Jótlandi; hafði hann hertogadóm í Heiðabæ, ok þat ríki sem þar fylgir." Og svonav æri hægt að halda áfram. Að eins eitt dæmi enn, nefnilega úr 31. kap. Njálu: "Hann (Gunnar) hafði tíu skip ok helt heim til Heiðabæjar í Danmörku."

Aftur á móti kemur nafnið Suður-Jótland allsnemma fyrir í dönskum, lágþýzkum og latneskum ritum.

Hitt nafnið, sem einnig er haft um landið, Slésvík (á dönsku Slesvig, á þýzku Schleswig), en það er rangnefni og hefir sennilega þannig til komið að oft var talað um hertogana í Slésvík, það er bænum, sem áður hét Heiðabær (á forndönsku He(i)ðabýr), og þá hafa menn haldið að Slésvík væri alt hertogaríkið. En nú ætti þetta nafn að hverfa, eða menn geta þá haft það um þann suðurhluta landsins, sem fær að vera þýzkur, hver sem hann nú verður. Þriðja nafn hefir líka verið við haft um þetta land: dansk Holsten (danskt Holsetaland), þó kynlegt megi heita. En sú var tíðin, að jafnvel Danir sjálfir vissu lítil deili á landi þessu sjálfra sín. Í þessu sambandi má nefna, að afbökuð heiti, svo sem Apenrade fyrir Aabenraa (Opineyri) voru höfð í dönskum landafræðibókum fram á miðja 19. öld og lengur!

Þessi suðurhluti Jótlands hefir líkt landslag og Norður-Jótland, en þar sem landið er mjórra, eru landslagsbeltin hér líka mjórri. Að austan er gróðurmikið, hæðótt land, víða skógivaxið. Það er mjög svo vogskorið og víða skerast fallegir firðir inn í landið. Einkennilegir eru limgarðar þeir, sem sumstaðar girða akrana á alla vegu. Veita þeir mikið skjól, en hins vegar taka þeir fyrir útsýnið. Þeir eru einkum á skaganum Sundvið við Alsiðjarsund. Er austurströnd Suður-Jótlands öll hin fegursta, ef til vill fegursta landslagið í Danmörku að Borgundarhólmi undanskildum og krítarbjörgunum á Mön. Það var þetta landslag, sem skáldið Edvard Lembeke átti við, þegar hann kvað: "Du skönne land með dal og bakker fagre, Med grönne enge og med gyldne agre, Med klöfferne, hvor bækken Sig gennem krattet snor, Og langs mer vejen hækæen, Hvor fugleskaren bor."

Af þessu landslagi tekur við í vestri ás, ófrjór og heldur eyðilegur. Hér hafa flestar ár upptök sín og renna þær bæði í austur, suður og einkum í vestur. Þaðan af breiðist út mikið sléttlendi, víða með lyngmóum og mýrum, en sumstaðar eru frjósamar hæðaeyjar, þó sjaldan skógivaxnar. Aftur á móti eru hér grösug engi, og er landið yfirleitt ekki ófrjótt, þótt það geti á engan hátt jafnast við austurströndina né merskið. Merskið er flæðiengi, sem hafið myndar með því að skilja eftir afar þunt lag af flæðaleir á sjávarbotninum smámsaman, þangað til landið kemur upp úr hafinu. Þess konar land er víða á vesturströnd meginlandsins og austurströnd eyjanna úti fyrir. Suður frá Viðá eru gerðir stórir flóðgarðar, 7—14 metra háir, sem eiga að verja hið lága land fyrir árásum hafsins. Merksið er frjósamt, grasið er reyndar ekki mjög hátt en það vex æði fljótt, jafnóðum og fénaður bítur það. Kornið gefur hér 30—40 falda uppskeru af sér. Bæirnir standa á smáhólum, gægjast fram úr smálundum; annars eru hér engir skógar. Mersklandið er alt sundurgrafið af skurðum, og verður fólkið að notast við stökkstafi, til þess að komast áfram. Annars eru flóðgarðarnir svo breiðir, að eftir þeim liggja þjóðbrautir.

Sandhólar eru á einstöku stöðum á vesturströnd meginlandsins, en þar gætir þeirra lítið. Miklu meira ber á þeim á vesturströnd eyjanna úti fyrir, Raumeyjar (Römö), Sildar og Amrums; einkum eru sandhólar Raumeyjar og Sildar mikilfenglegir. Á Sild eru enn fremur mjög merkilegar jarðmyndanir frá þrflagaöldinni. Má m. a. nefna "Rauðukleif" og "Morsum-kleif", og hafa hér fundist fjölmargir steingerfingar frá miocenöldinni.

Veðurlagið er hið sama og á Norður-Jótlandi, þó öllu blíðara á austurströndinni en víðast hvar annars staðar í Danmörku. Á vesturströndinni er veðráttan óblíðari, einkum á eyjunum úti fyrir. Ganga hér oft snarpir stormar, er drepa niður trjágróðurinn. Þeir valda einnig ólgusjó, og er ströndin víða sæétin, en—eins og eg hefi drepið á að framan—hafið gefur smámsaman hið rænta aftur.

II.

Frá fornu fari hafa þrír þjóðflokkar bygt Suður-Jótland: Danir, Þjóðverjar (Saxar) og Frísir. Danir, þ. e. a. s. józkir kynþættir, bjuggu upphaflega suður að Sljesvík og Danavirki, og vestur að hafinu, og sunnar að línu, sem gekk frá mynni Viðár suðaustur að Danavirki. Fyrir vestan þessa línu bjuggu Frísir. Svæðið milli merskilandsins, Sljesvíkur og Egðu, var þá óbygt. Fyrir sunnan Danavirki stóð mikill skógur, er Danir kölluðu "Járnvið" eða "Myrkvið", Þjóðverjar "Isarnho. Sá hluti hans er var fyrir norðan Egðu, var kallaður Danaskógur, en það nafn er síðan haft um skagann milli fkornafjarðar og Kflarfjarðar; nú er nafnið einungis haft í lágþýzkri mynd "Denisch Wold". — Snemma var farið að nema land í merkjaskóginum, og tóku Danir sér bólfestu á skaganum Svansey milli Sljesvíkur og fkornafjarðar og reistu þeir sér "Austurgarð" milli fjarðanna í framhaldi af Danavirki. Danir fóru líka sunnar og námu þar land, og eru eigi all-fá staðarheiti þar upphaflega dnösk, en þó hafa dönsku bygðirnar aldrei verið nema á við og dreif. Saxar er þá bjuggu á Vestur-Holtsetalandi. — Vindur bjuggu að austan alt að Kflarfirði — gengu seinna fram yfir Egðu og ruddu skóginn þar fyrir norðan og tóku sér bólfestu um alt landið norður að Danavirki. Hinir fáu Danir, sem voru um þessar slóðir, hafa áreiðanlega snemma horfið inn í saxneskt þjóðerni. En fyrir norðan Danavirki og Austurgarð hafa Danir haldist fram á 17. öld, nærri því óblandaðir.

Frísir bjuggu á sínum tíma á austurströnd Suður-Jótlands frá Viðá og suður í Holtsetaland og eyjunum úti fyrir; hafa bæði Egðustaðarskaginn (í Suður-Jótlandi) og Þjettmerski (í Holtsetalandi) verið frísnesk á sínum tíma. Menn vita ekki, hvenær Frísir hafa sezt að á Suður-Jótlandi. Halda sumir að þetta hafi gerst fyrir söguöld, aðrir að þeir hafi ekki komið fyr en á 11. öld. Frísir á Suður-Jótlandi, hinir svo nefndu Norður-Frísir, eru nú aðeins lítið brot af miklu stærri þjóð, sem hefir á sínum tíma bygt alla strönd Englandshafs frá Viðá suður að Suðursjó (Zuiderzee) á Hollandi. Eru nú Frísar all-margir á Hollandi (frumbygð Frísa er einmitt Holland álitið) og eiga þeir sérstakt ritmál, vestur-frísnesku —; í Aldinborg (Oldenburg) á Þýzkalandi eru fáeinir "Austur-Frísir", en þeir eru óðum að tína máli sínu. Norður-Frísir hafa einnig um þ. b. týnt tölunni. Þeir hafa aldrei notað sitt eigið mál fyrir ritmál, heldur notast þeir notast við þýzku, áður fyr við lágþýzku, seinna við háþýzku. Árangurinn af þessu hefir verið sá, að nú hefir norðurfrísneskan hörfað undan fyrir lágþýzku, bæði að sunnan og suðaustan, og að norðan og norðaustan lítið eitt fyrir dönsku (suðurjózku) Takmörk norður-frísneskrar tungu er lína, sem byrjar í kílómetra fyrir Sunnan Sjóhólmsá (eða Súhólmsá), og liggur fyrir sunnan þorpin Langhorn og Bargum, beygir þá fyrir vestan þorpin Enge, Stedesand, Lindhólm, Nýból, og liggur því næst norður um vatnið "Gudskog sö", og loksins vestur út í hafið milli þorpanna Rauðaness (dansks) og Klangsbóls (frísnesks). Af eyjunum eru Hæbel, Appelland, Eyland, Langanes, Amrum, För og Sild (nema norðuroddinn sem er danskur) allar frísneskar (einnig á eynni Helgoland er norður-frísneska töluð). Alls tala 25—30 þúsund manns norðurfrísnesku. Fornfrísneskan var al-sjálfstætt mál, skyldast ensku, og sama má segja um nýfrísneskuna. Er norður-frísneskan því alls ekki þýzk mállýzka (svo sem t. d. lágþýzka), eins og margir munu ef til vill halda, þó að hún hafi orðið fyrir allmiklum áhrifum frá lágþýzku og dönsku. Annar árangur af því, að Norður-Frísir hafa aldrei notað sitt eigið mál fyrir ritmál, er sá, að norður-frísneskan hefir klofist í margar mállýzkur,og eru þær all-frábrugðnar hver annari. Frísir frá meginlandinu tala þess vegna lágþýzku við eyjaskeggja, og verður þessi síður ekki til þess að halda málinu við.

Nokkru fyrir styrjöldina miklu var stofnað frísneskt félag, sem meðal annars ætlaði að gefa út norðurfrísneska orðabók, og bendir það á, að menn hafi hugsað sér að vernda málið betur en hingað til og búa til sameiginlegt ritmál (það er prentuð smákvæði, smásögur, jafnvel leikrit og annað á nokkrum norður-frísneskum mállýzkum). Álíta sumir að þetta muni ekki vinnandi verk, af því að mállýzkurnar eru svo margar og svo ólíkar. En þær eru í raun og veru ekki frábrugðnari hver annari en mállýzkur annarstaðar (í Danmörku til dæmis Þjóðumálið og Borgundarhólmskan).

Sem dæmi upp á norðurfrísnesku, er hér settur lítill kafli á För—Amrum-mállýzkunni, sem er nokkurn veginn miðja vegu milli norðurfrísneskra mállýzkna og ekki ólíkleg til undirstöðu framtíðarmáls.

"An öömreng vyff, diar nian ingels vurd snaki kydd, kam ans me an ingelsen matrus tupp. Hi snaket ingles, an ju dedd öömreng, an vann uck hörnsuck hörns snokin ei so rap ging, jo kydd arköder dach förstunn, an vann hi "bread" ("a loaf") an "butter" an "cheese" of "a cup of tea" ha vull, do dedd's ham bruad (an liaf) an brödder an ses an an kopp tii, an vann hi "sleep" vull, do visset's ham at bad. Vat hedd det stakels vyff vell unting skullen, venn 's ei öömreng snaki kydden hedd!"

(Amrums-kona, sem gat ekki talað eitt einasta orð í ensku, hitti, einu sinni enskan háseta. Hann talaði ensku og hún talaði Amrumsmál, og jafnvel þó að samtal þeirra gengi ekki sem liðlegast, skildu þau þó hvort annað, og þegar hann vildi "bread" (a loaf) og "butter" og "cheese" eða "a cup of tea", gaf hún honum brauð (hleif) og smjör og ost og bolla af tei, og er hann vildi "sleep", þá vísaði hún honum á rúmið. Hvað hefði kerlingargreyið átt að taka til bragðs, ef hún hefði ekki getað talað Amrums-mál!)

Norðurfrísneskan er þannig alsjálfstætt mál, en telst þó til vesturgermanskra mála, en suðurjótskan er alnorrænt mál. En Þjóðverjar (jafnvel þýzkir vísindamenn) hafa reynt að sanna, að suðurjótsku mállýzkurnar væru vesturgermanskar eða þýzkar. Þetta nær auðvitað engri átt, og hreinskilnir þýzkir vísindamenn hafa aldrei gert svo lítið úr sér, að fallast á þessa vitleysu. Þjóðverjar, sem vilja sanna þetta, benda helzt á einstök hljóð og orð, sem jótskan og enskan hafa sameiginleg. En það vita allir málfræðingar, að ekkert einstakt orð eða hljóð getur sannað neitt í því efni. Skyldleiki tungumála byggist á alt öðru. Þá benda þeir líka á söguna um hvernig Englar, Saxar, Frísar og Jótar hafi farið til Bretlands og numið land þar. Þetta sýni, að þessar þjóðir hafi verið náskyldar, og þar sem Englar, Saxar og Frísar séu vesturgermanskir, hljóti Jótar að hafa verið slíkt hið sama; enda hafi Englar bygt skagann Öngul (Angel), og séu sumir Suður-Jótar beinlínis eftirkomendur þeirra. En þetta sannar ekki neitt. Þó að Englar hafi búið á Öngli, þó að mikill skyldleiki hafi verið með þessum þjóðum, sannar það ekki neitt. Á þeim tímum (300 e. Kr.) var ekki sá mikli munur á germönskum kynþáttum, sem síðar varð. Þá voru engin glögg merki milli hinna ýmsu kynþátta og mállýzkna þeirra, heldur voru alstaðar jafnar, lítt skiljanlegar millistigsmyndir. Norðurgermanar (Norðurlandabúar) voru þá ekki sérstök heild út af fyrir sig, heldur voru þeir kynþættir þeirra, er syðst bjuggu, sambandsliðir að öðrum germönskum kynþáttum. Hafa Saxar verið einn sambandsliður, en óvíst er, hvort réttara sé að telja þá með Norðurgermönum eða Suðurgermönum (Vesturgermönum); en Engla, annan slíkan sambandslið, mætti ef til vill fremur telja með Norðurgermönum — ef það á annað borð er tilvinnandi að gera nokkurn greinarmun á þeim tíma. — En þetta ástand breyttist, er Vindur ruddust inn í Holtsetaland. Saxar og Englar (og allmargir Frísar og Jótar fylgdu þeim sennilega) urðu að hörfa undan og fóru til Englands og settust þar að. Þar breyttist mál þeirra, allmikið og varð að engil-saxnesku (forn-ensku), sem var þó náskyld forn-norrænu. Vindur skutu fleyg inn á svæði það, sem varð autt, og mynduðu um margar aldir mikinn merkjagarð milli Jóta og hinna suðlægari kynþátta. Jótar breiddust út yfir svæði það, sem Englar höfðu yfirgefið að mestu leyti, og hafa leifar Engla á meginlandinu sennilega horfið inn í jótska kynþáttinn. Á sama hátt runnu leifar af Söxum saman við suðlægari germanska kynþætti, er Karl mikli um 800 drap Saxa þúsundum saman og flutti Franka inn í land þeirra.

Þessir nýju Saxar voru því alt annað en gömlu Saxarnir, frændur Engla og Jóta. Enda höfðu mállýzkurnar beggja megin Egðu nú breyzt mjög mikið á hinum langa skilnaðartíma. Áður gátu grannakynþættirnir hæglega skilið hvor annan, nú, þegar Norðurgermanar og Suðurgermanar aftur mættust, voru málin mjög svo ólík, og Jótar og Saxar (Holtsetar) gátu ekki skilið hvorir aðra. Allir smákynþættir á jótska skaganum höfðu runnið saman, og meira að segja höfðu þeir runnið saman við Dani (Eydani). Nú voru Jótar einn danskur kynþáttur. Germönsku kynþættirnir fyrir sunnan Egðu voru líka að renna saman í heildir. En samnefnin þýzka, þýzkur, Þjóðverjar og Þýzkaland voru þá ekki upp komin, komu ekki upp fyr en um 1000. Er orðið þýzka elzt þeirra, og merkir "alþýðumálið" (í móts. við latínu, ritmálið). Það er því hinn mesta fásinna að vilja halda fram, að suðurjótska (jafnvel jótskan öll) sé þýzk mállýzka. Og það er líka skakt að kalla hana vesturgermanska, þó að enskan, sem einu sinni var nágranni jótskunnar, nú sé helzt vesturgermönsk mállýzka.

Nei, það er enginn efi á því, að um 800 hefir verið töluð norræna (austurnorræna mállýzkan) á Suður Jótlandi. Þetta sanna meðal annars ristur þær, sem hafa fundist á suðurjótskum rúnasteinum. Skulu hér settar hinar helztu: Wé-Ásfríðr gerði kumbl þausi, dóttir Óðinkárs, eft Sigtriugg konung sun sinn auk Gnúpu (Veðelspangssteininum II, um 950).—Þórólf(r) résði stén þansi (þennan), hémþegi (hirðmaður) Swéns, eftir Eirík félaga sinn, es warð döðr, þá drengjar sátu um Héðabý; en hann was stýrimandr, drengr harða góðr (Heiðabæjarsteininum 995—96).—Swénn konungr satti stén öftir Skarða sinn hémþega, es was farinn westr, en nú warð döðr at Héðabý (Danavirkissteinninum 995—96. Er þetta alveg sama mál og það, sem er á sjálenzkum, skánskum, upplenzkum og öðrum austurnorrænum steinum. Og suðurjótska nútímans er áreiðanlega dönsk (og norræn) mállýzka. Þau einstöku atriði, sem sumir hafa álitið þýzk einkenni, svo sem forskeyttur greinir, nafnorða, og annað, eru til komin af tilviljun. Franskan hefir líka forskeyttan greini, en er samt ekki þýzka! Því á þá suðurjótskan (og vesturjótskan) að vera þýzk? Enda er forskeytti greinirinn e eða æ alt annað orð en þýzki greinirinn, er sennilega sama orðið og forníslenzkt enn, en, eð. Svo kvað Karsten Thomsen sveitakrárnaður í Fröslev (nálægt Flensborg):

De er så kö:nt, de er så deile, nær i den fö:st forårsti: e himmel sæ udbrø:r så vi:, o e sol så klar i e van sæ speiler o lys o værm strör te vos å e jor hernær; ja de er kö:nt, ja de er deile. Það er svo fallegt, það er svo inndælt, þegar um fyrsta vortímann himininn víður þenst út og sólin björt speglast í vatninu og stráir ljósi og hita handa okkur yfir jörðina; já það er fallegt, já það er inndælt). Að nokkur maður skuli þora að halda því fram, að þetta sé einskonar þýzka! Suðurjótskan er meira að segja sú jótska mállýzka, sem stendur ritmálinu danska næst.

En suðurjótskan nær nú ekki lengur að Danavirki. Hefir hún smámsaman hörfað undan í syðstu sveitum Suðurjótlands, og lágþýzkan komið í staðinn. Hvarf hún úr Svansey á 17. öld, seinna úr svæðinu milli Danavirkis og vegarins milli Slésvíkur og bæjarins "í Húsum". Fram að 1800 var suðurjótskan ein um hituna suður að þessum vegi og Slésvík, og öngull var allur danskur þá. Hvernig hefir það þá atvikast, að lágþýzkan hefir rutt sér til rúms á öllum þessum skaga, í bænum Flensborg og víðar, bæði á miðhluta Suður-Jótlands og jafnvel í "Norður-Slésvík"? Til þess að gera þeta skiljanlegt, er nauðsynlegt að gefa stutt yfirlit yfir sögu Suður-Jótlands. (Frh.)

VERZLUNIN

Bókabúðin,

REYKJAVÍK

tekur íslenzkar bækur, gamlar sem nýjar—gefnar út í Ameríku, — í umboðssölu eða kaupir, ef um semur.

GUÐM. DAVÍÐSSON.

Stephens'

Er bezta

Hús-Mál

Til Notkunar í

VESTUR CANADA

19

ÞAKKARORÐ.

Mér undirritaðri er mjög ljúft og skylt að þakka því góða fólki, sem sýnt hefir mér velvild og aðstoð meðan eg hefi legið á sjúkrahúsinu í Winnipeg, þar sem eg gekk undir uppskurð, og eins síðan eg kom út af spítalanum. Fyrst og fremst vil eg þakka Dr. B. J. Brandssyni fyrir hina ágætu hjálp hans og nákvæmni bæði meðan eg lá á spítalanum og síðan. Þá vil eg nefna með þakklæti Miss Raghildi Matthews og móður hennar, Mrs. Stefaníu Matthews, sem á allan hátt hafa sýnt mér hjálp og velvild. Miss Halldóra Thorsteinsson og Þorgerður systir hennar hafa verið mér mjög hjálpsamar. Alt þetta ofannefnda fólk hefir lagt á sig mikil ómök mín vegna í veikindum mínum, auk margra fleiri, sem sýnt hafa mér vináttu. Og þakka eg öllu þessu fólki af hlýju hjarta.

Sigríður Gíslason.

"NÚ FER EG AÐ SOFA!"

(Síðustu orð Byrons.)

Nú ertu bráðum, lífs míns dagur, liðinn:
já, ljósið er að slokna, heimsins glit.
Þér, hljóða nótt, eg heilsa! Kom með friðinn;
— eg hvíldar þarfnast eftir dagsins strit.

Og vel sé þér — þú vilt ei neinu lofa.
— — þá vonbrigði engin! Gott!
"Eg fer að sofa!" — —
— — — — — — — — —

G. Ó. Fells.

HVÍ EKKI — ?

Hví ekki að lesa lífsins blóm,
sem ljóma svo skært og anga?
Hví ekki á söngvarans hlusta róm?
Hví ekki' í sólskini' að ganga?
Hví ei mót gjöfum guðs að taka —
—gullnámum lífsins yfir að vaka—?

Er þá fegurðin einskis verð? — —
Er þá listin froða?
— — Haldið þið áfram ykkar ferð,
sem ekki viljið skoða
fegurð lífsins og auðlegð alla,
— — en aldrei mun eg það lofsvert kalla! — — — —

G. Ó. Fells.

HVER ER TANNLÆKNIR YÐAR?

Varanlegir 'Crowns' og Tannfyllingar

—búnar til úr beztu efnum.
—sterklega bygðar, þar sem mest reynir á.
—þægilegt að bíta með þeim.
—fagurlega tilbúnar.
—ending ábyrgst. **$7**

HVALBEINS VULCANITE TANNSETTI MÍN, Hvert **$10**

—gefa aftur unglegt útlit.
—rétt og vísindalega gerðar.
—passa vel í munni.
—þekkjast ekki frá yðar eigin tönnum.
—þægilegar til brúks.
—ljómandi vel smíðaðar.
—ending ábyrgst.

DR. ROBINSON

Tannlæknir og Félagar hans
BIRKS BLDG, WINNIPEG

Peoples Specialties Co.,

P. O. Box 1836, Winnipeg

Úrval af afklippum fyrir sængurver o.s.frv.—"Witchcraft" Washing Tablets. Biðjið um verðlista.

Brantford og Perfect Hjólhestar

TIL SÖLU

Allskonar viðgerðir á Reiðhjólum og Motor hjólum —fljótt og vel af hendi leystar — rétt við Sherbrooke stræti.

THE EMPIRE CYCLE CO.
641 Notre Dame Ave.
J. E. C. Willaims, eigandi.

34-37

Abyggileg Ljós og Aflgjafi.

Vér ábyrgjumst yður varanlega og óslitna

ÞJÓNUSTU.

Vér ræskjum virðingarfylst viðskifta jafnt fyrir VERKSMIÐJUR sem HEIMILI. Tals. Main 9580... CONTRACT DEPT. Umboðsmaður vor er reiðubúinn að finna yður að máli og gefa yður kostnaðaráætlun.

Winnipeg Electric Railway Co.
A. W. McLimont, Gen'l Manager.

Meiri ánægja Þér hafið meiri ánægju af blaðinu yðar, ef þér vitið, með sjálfum yðar, að þér hafið borgað það fyrirfram. Hvernig standið þér við Heimskringlu?